



FÉLAG ELÐRI BORGARA
Á AKUREYRI

***Mættir:** Hallgrímur Gíslason formaður, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir varaformaður, Torfhildur Þorgeirsdóttir gjaldkeri, Garðar Lárusson ritari, Helgi Aðalsteinsson, Birgir Svavarsson, Sigurður Harðarson og Friðrik Vagn Guðjónsson.

Fjarverandi: Eva B Magnúsdóttir

12. stjórnarfundur EBAK 19. maí 2021

1. Fundarsetning kl.13:00.
2. Fundargerð síðasta fundar borin upp og samþykkt.
3. Viðvera. Viðveru lokið þennan vetur. Tekin aftur upp í haust. Torfhildur svarar áfram í símann.
4. Frá síðasta stjórnarfundum:
 - Öldungaráðsfundur 3. maí. Hallgrímur sat fundinn. Kynning á Heilsuvernd sem sér um öldrunarheimilin. Þar kom fram að Heilsuvernd greiðir ekki húsaleigu til bæjarins.
 - Gönguklúbbur EBAK er tekin til starfa. Fyrsta ferðin var farin 13. maí og verður gengið vikulega í sumar. Haldinn var fundur 17. maí með áhugasömum. Göngur fyrri hluta sumars verða auglýstar í næstu viku. Göngunefndin tekur til starfa um næstu mánaðarmót.
 - Fundur í Víðilundi um nöfn á félagsmiðstöðvarnar og um styrk frá félagsmálaráðuneytinu. Hallgrímur fór á fund í Víðilundi föstudaginn 14. maí. Búið er að auglýsa eftir nöfnum á facebook og verið að vinna úr tillögum. Styrkveitingar til heilsueflingar og félagslegrar þátttöku er 1700 kr á 67 ára og eldri. Ráðinn verður íþróttifræðingur til að halda utan um starfsemina. Ráðinn verður leiðbeinandi í Qigong í Víðilundi. Áhersla á félagslega þátttöku eldri borgara sem byggist á skjá þátttöku.
5. Landsfundur LEB 2021 verður miðvikudaginn 26. maí á Selfossi. Búið að senda kjörbréf. Fundargögn eru komin. 7 fulltrúar frá EBAK taka þátt í fundinum.
6. Ályktun kjaranefndar LEB. Farið yfir ályktanir til Landsfundar og lagabreytingar.

7. Undirbúningur aðalfundar EBAK 2021. Boðað verður til fundarins þriðjudaginn 8. júní kl: 16:00. Farið yfir gátlista fyrir aðalfund. Reikningar voru undirritaðir á fundinum.
8. Ályktanir fyrir aðalfund EBAK 2021. Lagðar verða fram tvær ályktanir fyrir aðalfund. Annars vegar um aðgerðaáætlunar fyrir eldri borgara og hins vegar um húsnæðismál. Báðar beinast til Akureyrarbæjar.
9. Samningur við Akureyrarbæ. Það hefur gengið erfiðlega að koma samningnum saman. Nú liggur fyrir óundirritaður samningur. Bærinn hafnar öllum styrkveitingum. EBAK heldur leigutekjum ef bærinn samþykkir núverandi samningsdrög.
10. Önnur mál.
Aðalfundur sjúkrahúsins á Akureyri verður haldinn fimmtudaginn 27. maí . EBAK hefur alltaf verið boðið að senda fulltrúa á aðalfund SAK . Í þetta skipti verður fjárfundur sem er opinn öllum.
11. Fundarslit. Kl. 15:25